



ÍSAFJARÐARBÆR

Ísafjarðarbær mál nr. XXXX - Skipulagsgátt mál. nr. 631/2023

Stig málsmeðferðar: Kynning vinnslutillögu (kynningartími 4.10.2023-8.12.2023)

Mál: óskað var umsagnar um vinnslutillögu á aðalskipulagsbreytingu vegna frístundabyggðar í Dagverðardal í Skutulsfirði.

Innsendar umsagnir

Dags.	Aðili	Umsögn	Viðbrögð
13.11.2023	Náttúrustofa Vestfjarða Hulda Birna Albertsdóttir	Náttúrustofa Vestfjarða gerir ekki athugasemdir við breytingarnar á Aðalskipulaginu á svæði 19 í Dagverðardal. Hins vegar viljum við benda á að á deiliskipulagssvæðinu er óraskað land sem hefur mikið gildi fyrir sumarhúsabyggð. Leggja ætti mikla áherslu á að halda jarðraski í lágmarki við framkvæmdir. Á svæðinu eru mólendi og graslendi sem vert er að halda í sem nánasta umhverfi sumarhúsa. Við bendum einnig á að við teljum mikilvægt er að reyna sporna við því að alaskalúpina berist í jarðrask til að komast hjá því að hún vaxi yfir núverandi gróður. Alaskalúpina er í nánasta umhverfi svæðisins og ef hún nær sér á skrið á svæðinu getur það orðið til þess að fjölbreytileiki gróðurs og vistgerða minnki á svæðinu.	Reynt verður eftir kostum að sporna við því að alaskalúpina berist í jarðrask til að komast hjá því að hún vaxi yfir núverandi gróður.
14.11.2023	Landsnet Rut Kristinsdóttir	Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því. Ísafjarðarlína 1, 66 kV loftlína Landsnets og helgunarsvæði hennar liggur töluvert fjarri fyrirhugaðri frístundabyggð. Landsnet vekur hins vegar athygli á að í kafla 4.5.2 í Kerfisáætlun Landsnets 2023-2032 (langtímaáætlun) sem nú ert til afgreiðslu Orkustofnunar, er fjallað um áætlaða endurnýjun á Ísafjarðarlínu 1 ásamt hlutaendurnýjun á Bolungarvíkurlínu 1.1 Þar kemur m.a. fram að þessi tvö verk þurfi að vinna saman til þess að ná fram bestu lausninni í strenglengdum og staðsetningum jarðstrengja. Áætlaður framkvæmdatími er áætlaður á árabílinu 2026-2028. Ekki liggur fyrir útfærsla þessara framkvæmda, en að svo stöddu er ekki fyrir séð annað en að þær framkvæmdir og fyrirhuguð frístundabyggð geti farið saman.	Engin.
17.11.2023	Umhverfisstofnun Axel Benediktsson	Efnistökusvæði (E3) liggur nærri fyrirhugaðri frístundabyggð og virðist efnistökusvæðið farið að teygja sig yfir frístundasvæði F14, samkvæmt loftmyndum. Umhverfisstofnun telur að efnistaka með tilheyrandi umferð, hávaða og annarrar mengunar geti haft áhrif á gesti frístundsvæðisins og því mikilvægt að skoða þessa þætti nánar.	Í gildandi aðalskipulagi 2008-2020 hefur E3 náman neðst í Dagverðardal á vegum Ísafjarðarbæjar það ákvæði að vera lokað á fyrri hluta skipulagstímabils og ekki nýtt eftir það.
20.11.2023	Súðavíkurhreppur Bragi Þór Thoroddsen	Súðavíkurhreppur gerir ekki athugasemdir við breytingarnar á Aðalskipulaginu á svæði 19 í Dagverðardal og veitir jákvæða umsögn.	Engar athugasemdir.



ÍSAFJARÐARBÆR

20.11.2023	Vegagerðin Vestursvæði Sigurður Friðgeir Friðriksson	Vegagerðin hefur yfirfarið vinnslutillögu, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í samræmi við hlutverk stofnunarinnar og gerir ekki athugasemd.	Engar athugasemdir.
20.11.2023	Brynja Huld Óskarsdóttir	Nú stendur yfir vinna við gerð nýs aðalskipulags fyrir Ísafjarðarbæ en núv skipulag var í gildi til ársins 2020. Réttast væri að bíða með meiriháttar breytingar á ask þar til vinnu við nýtt skipulag er lokið. Það er óskandi að birtist þá heildstæð sýn til framtíðar fyrir sveitarfélagið. Með umræddri breytingu á aðalskipulagi, úr íbúabyggð í frístundabyggð, aukast líkur á nýtingu svæðisins hratt. Að byggja upp frístundabyggð á þessu svæði raskar stóru ósnortnu landi, mun stærra en skipulagsreiturinn sjálfur er. Nærtækara væri að skoða aðra sambærilega reiti nær annarri byggð. Þannig nýtast innviðir betur, gestir frístundabyggðar þurfa ekki að notast við bíla til flestra ferða sinna og byggðin í Skutulsfirði helst þéttari. Hér er t.a.m. átt við óbyggða hluta Í2 og Í8 í aðalskipulagi frá 2008. Frístundabyggð myndi sóma sér vel á báðum þeim reitum. Með því er líka hægt að takmarka aukningu snjómoksturs, veituinnviða og fleira. Fjallið Hnífar er kannski ekki mjög reisulegt eða svipfagurt fjall en það setur töluverðan svip á Skutulsfjörð. Það er óþarfi að raska náttúru þess og ásjúnd þegar annað land til uppbyggingar stendur til boða. Það er hluti sérstöðu byggðar í Skutulsfirði að gestir blandast íbúum. Að byggja nýlega sérstaka frístundabyggð dregur úr þessari sérstöðu. Vegna ofanflóðahættu er ekki hægt að þetta frístundabyggð í Tunguskógi en með að nýta stóran hluta áður nefndra svæða, Í2 og Í8 styður byggðin við aðra byggð, við uppbyggingu og nýtingu útivistarsvæðisins í Tungudal og fleira. Frístundabyggð á á núverandi Í9 tengist ekki golfsvæði, ekki skíðasvæði eða gönguskiðabrautum beint ólíkt þeim reitum sem hér hafa verið nefndir. Telja verður ólíklegt að keppst verði um íbúðarlóðir í Seljalandshverfi og svæðið því rakið fyrir frístundabyggð en fyrir er 100 ára gömul hefð frístundahúsa í Tungudal. Við undirrituð hvetjum bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ til að falla frá þessari breytingu og þannig fresta óþarfa röskun lands í hlíðum Hnífa og stórtækri breytingu á ásjúnd Skutulsfjarðar. Brynja Huld Óskarsdóttir 2110874049 Greipur Gíslason 1207825179	Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að breyta landnotkun á þessu svæði úr íbúðabyggð í frístundabyggð. Talsverð eftirspurn virðist vera eftir lóðum fyrir frístundahús, utan snjóflóðahættusvæða, í Skutulsfirði og mun þetta svæði hjálpa til við að uppfylla þá eftirspurn. Gert er ráð fyrir íbúðabyggð á svæðum Í2 og Í8, ekki eru áform um að breyta því. Framkvæmdaraðili mun sjá um allar veituframkvæmdir og ekki er áformaður snjómokstur á vegum Ísafjarðarbæjar á skipulagssvæðinu. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir íbúðabyggð á þessu svæði undir Hnífafjalli. Það að breyta landnotkun svæðisins í frístundabyggð raskar ekki náttúruni meira en ætlað var. Ekki liggur fyrir annað svæði til uppbyggingar á frístundabyggð.



ÍSAFJARÐARBÆR

8.12.2023	<i>Skipulagsstofnun</i> <i>Guðrún Lára Sveinsdóttir</i>	<i>Af tillögunni má ráða að talsverður hluti frístundahúsanna verði ætlaður til útleigu. Skipulagsstofnun bendir á að meta þarf hvort tilefni sé til að afmarka þann hluta svæðisins sem ætlaður er fyrir útleiguhús og veitingarrektur, sem verslunar- og þjónustusvæði. Að öðrum kosti þarf umfang verslunar- og þjónustustarfsemi að koma fram með skýrum hætti í skipulagsákvæðum fyrir frístundabyggðina og m.a. gera grein fyrir tegund gististarfsemi sbr. 4. gr. framangreindrar reglugerðar.</i> <i>- Setja þarf skipulagsákvæði varðandi fjölda gistirúma í frístundahúsum ætluðum til útleigu.</i>	<i>Meta þarf hvort tilefni sé til að afmarka þann hluta svæðisins sem ætlaður er fyrir útleiguhús og veitingarrektur, sem verslunar- og þjónustusvæði. Að öðrum kosti þarf umfang verslunar- og þjónustustarfsemi að koma fram með skýrum hætti í skipulagsákvæðum fyrir frístundabyggðina og m.a. gera grein fyrir tegund gististarfsemi sbr. 4. gr. framangreindrar reglugerðar.</i> <i>- Sett verða skipulagsákvæði varðandi fjölda gistirúma í frístundahúsum ætluðum til útleigu.</i>
8.12.2023	<i>Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða</i> <i>Hlynur Reynisson</i>	<i>Ekki eru gerðar athugasemdir við ofangreinda breytingu á aðalskipulagi en bendir á að efnistökunáma E3 er komin töluvert útfyrir það svæði sem gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir. Töluverð umferð, hávaði og rask fylgir þeirri námu og því mikilvægt að tekið sé tillit til þeirra þátta.</i>	<i>Engar athugasemdir.</i> <i>Minna á að töluverð umferð, hávaði og rask fylgir námunni og því mikilvægt að tekið sé tillit til þeirra þátta.</i>